

Ofbeldisvarnarnefnd  
Drög dags. 16. júní 2021

Efni: *Úrræði fyrir gerendur kynferðisbrota*

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar vill beina því til félags- og barnamálaráðherra að setja á fót úrræði fyrir gerendur kynferðisbrota. Þar geti þeir tekið ábyrgð á broti sínu og leitað sér aðstoðar í því augnamiði að koma í veg fyrir að þeir fremji fleiri ofbeldisbrot.

Heimilisfriður er úrræði sem er starfrækt fyrir fólk sem beitir ofbeldi í nánnum samböndum en ekkert sambærilegt úrræði er til fyrir þau sem beita aðra en maka kynferðisofbeldi. Nefndinni er kunnugt um leiðina **Taktu skrefið** sem kynnt er á 112 og telur það skref í rétta átt en leggur áherslu á að það þurfi að vera meiri formfesta í kringum þessa leið t.d. þurfi að vera ljóst eftir hvaða hugmyndfræði er unnið.

Í #metoo byltingunni hefur verið kallað eftir því að gerendur gangist við brotum sínum og má vænta þess að slík meðferð komi m.a. í veg fyrir fleiri brot. Það skiptir höfuðmáli að gerendum kynferðisbrota og þeim sem telja sig þurfa á slíkri meðferð að halda bjóðist sérfræðiþjónusta til að taka þetta skref og þess vegna beinir ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar því til ráðherra að hafa forystu um að setja slíkt úrræði á fót.